

Umhverfisáhrif vegsöltunar, forathugun – Janúar 2018. Páll Höskuldsson, Efla

Notkun vegsalts (NaCl) hefur aukist töluvert hérlandis á síðustu árum, einkum til hálkuvarna. Veturinn 1998-1999 voru notuð 2.800 tonn, en 27.000 tonn veturinn 2011-2012. Þá er magnesíumklóríð ($MgCl_2$) notað til rykbindingar. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að vegsalt getur haft neikvæð áhrif á grunn- og yfirborðsvatn, jarðveg og gróður. Hér á landi hefur þessu ekki verið gefinn mikill gaumur, einkum vegna stöðu landsins, nálægð hafsins og lægðargangs. Talið er að loftborin ákoma salts sé veruleg, í hlutfalli við það salt sem notað er til hálkuvarna. Í skýrslunni er sett fram, með ákveðnum nálgunum, að heildarsaltnotkun Vegagerðarinnar sé um 3,4% af heildar salti sem fellur að meðaltali á landið á ári.

Fram kemur að vegsalt dreifist út í náttúruna með vindi, afrennsli, slettum, slabbi, úða og snjómokstri. Saltið berst síðan niður í jarðveginn með regni og snjóbráð og berst á endanum í grunnvatnið. Megnið af saltinu (50-80%) berst með afrennsli rétt út fyrir vegkantinn og 90% þess lenda innan við 20 metra frá vegkantinum.

Helstu umhverfisáhrif salts eru á grunn- og yfirborðsvatn. Þá hefur það áhrif á jarðveg sem leiðir af sér verri skilyrði fyrir gróðurvöxt. Salt hefur einnig áhrif á gróður, einkum barrtré. Ekki eru talin mikil áhrif af vegsalti á dýr.

Þegar farið ef yfir stöðuna hérlandis, kemur fram að hér hafi ekki komið fram beinar kvartanir eða ábendingar um umhverfisáhrif vegsöltunar á grunnvatn. Skýringin er talin geta verið að hér er vegakerfið ekki mjög þétttriðið, þannig að magn salts á flatareiningu er minna en víða erlendis. Mikil úrkoma er einnig talin hafa áhrif hvað þetta varðar. Hins vegar sýna mælingar að vegsöltun hafi staðbundin áhrif til hækkunar á klóríðstyrk, til dæmis í borholum við Litlu kaffistofuna við Suðurlandsveg og einnig hefur lítilsháttar hækkunar orðið vart mjög nálægt þjóðveginu á Sandskeiði.

Í skýrslunni er bent á að full ástæða sé til að vera á varðbergi og gæta varúðar við notkun á vegsalti, einkum í ljósi þess að saltnotkun getur verið töluverð á einstaka vegi og þannig haft staðbundin neikvæð umhverfisáhrif.